

Nd. 447. Tillaga til þingsályktunar [234. mál]

um könnun á aukinni notkun tölvutækni við opinbera skráningu.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti kanna hagkvæmni af aukinni notkun tölvutækni við ýmsa opinbera skráningu, svo sem í sambandi við firma- og félagaskrár, skráningu veðréttinda, einkaleyfa, farartækja o. fl.

Leiði þessi könnun til þeirrar niðurstöðu, að hagkvæmt sé að nota tölvutækni í auknum mæli við slíka skráningu, láti ríkisstjórnin athuga, hvaða breytingar þurfi að gera á núgildandi löggjöf til að mæta slíkum nýjum starfsháttum og hvernig komið verði í veg fyrir hugsanlega misnotkun tölvuskráningarinnar.

Greinargerð.

Allir viðskiptavinir bæjar- og borgarfégeta kannast við þau vinnubrögð, sem nú eru notuð við ýmiss konar opinbera skráningu, en þau hafa haldist svo til óbreytt í manna minnum. Fært er inn í bækur með penna, og gerð hvers konar afrita tekur oft langan tíma. Þá er firmaskrá og hlutafélagaskrá oft mjög ábótavant og erfitt að finna þar t. d. nöfn stjórnenda og ábyrgðarmanna félaga og stofnana. Augljóst er, að bæta mætti mjög vinnubrögð á þessu sviði með því að véltaka þessa skráningu á skýrsluvélar og einnig mætti t. d. ljósmynda veðskjöl á míkrofílmur til að minnka fyrirferð þeirra gagna, sem skráningaraðili þarf jafnan að hafa við höndina.

Í sambandi við þetta þarf vafalaust að gera ýmsar breytingar á löggjöf og er því lagt til, að ríkisstjórnin láti kanna og undirbúa málið vandlega og leggja það síðan fyrir Alþingi á nýjan leik.

Í sambandi við löggjöf þyrfti að setja ákvæði um aðgang óviðkomandi aðila að opinberri skráningu til þess að koma megi í veg fyrir hugsanlega misnotkun, en einnig þyrfti að gefa reglulega út ýmsa opinbera skráningu, t. d. firmaskrár, til leiðbeiningar fyrir almenning.